

# **Stapi lífeyrissjóður**

## **Ársfundur 2012**

**Kynning á nýju réttindakerfi**

**Ágúst Torfi Hauksson**

# Núverandi kerfi

- Fastákveðið iðgjald (12%)
- Enginn ábyrgðaraðili eða bakhjarl
- Eignir eiga að standa undir réttindum
- Réttindi ávinnast miðað við fasta reiknireglu óháð afkomu (verðbólga+3,5%)
- Reiknireglan setur ávöxtunarmarkmið (lágmarks ávöxtun sem sjóðurinn þarf að ná)
- Eignir eru ávaxtaðar á markaði => sveiflur
- Reglur um jöfnun eigna og skuldbindinga
- Endanleg réttindi miðast við afkomu

# Vikmörk

- Til lengri tíma ráðast réttindi af ávöxtun eigna og lýðfræðilegum breytingum (afkoma)
- Tímabundinn mismunur er þó leyfður á milli eigna og skuldbindinga (+/- 10%, +/-5%)
- Fari munurinn út fyrir þessi mörk á að auka eða skerða réttindi
- Setur fjárfestingarstefnu og áhættutöku mörk

# Kostir og gallar núverandi kerfis

## Kostir:

- Einföld reikniregla
- Litlar sveiflur í réttindum (flestar ár heldur reiknireglan)

## Gallar:

- Kann að lofa hærri réttindum, en fá staðist
- Veitir falskt öryggi
- Áunnin réttindi talin trygg, en ekki háð ávöxtun
- Áhætta minna sýnileg – fjárfestingar eru áhættusamar
- Leiðréttingar eru sjaldan og stærri og kalla að óvægin viðbrögð
- Mismunur milli eigna og skuldbindinga viðvarandi
- Reikniregla (ávöxtunarviðmið) hefur áhrif á fjárfestingar

# Tilgangur reiknireglu og vikmarka

## Reikniregla:

- Auðvelt að reikna út réttindi
- Lífeyrisréttindi fyrirsjáanleg fram í tímann

## Vikmörk:

- Sveiflur á markaði hafa lítil áhrif á lífeyrisgreiðslur á hverjum tíma
- Takmörkun á flutningi milli kynslóða

# Er hægt að ná þessum markmiðum með öðrum aðferðum?

- Hægt að tryggja tiltölulega örugga afkomu lífeyrisþega (litlar sveiflur) með áhættulitlum fjárfestingum
- Áherslan er á öryggi fremur en ávöxtun
- Slíkar fjárfestingaaðferðir eru líklegar til að gefa minna af sér til lengri tíma litið
- Ekki skynsamlegar fyrir þá sem ætla að spara til langs tíma
- Lausn: Aðskilja ávinnslu og útgreiðslu lífeyris í mismunandi deildum
- Deildunum sé mótuð mismunandi fjárfestingarstefna

# Eftirlaun og áfallatryggingar


- Ekki fyrirfram skilgreint hvernig skipta á iðgjaldinu milli eftirlauna og áfallatrygginga (örorku-, maka- og barnalífeyris)
- Aukning í öðrum hvorum flokknum hefur sjálfkrafa áhrif á hinn ef skipting er ekki ákveðin fyrirfram
- Eftirlaunaréttindi eiga að vera í forgangi miðað við samþykktir
- Með skiptingu er kostnaðurinn sýnilegri
- Ef breyta á skiptingu iðgjaldsins þarf að taka um það ákvörðun

# Réttindi ráðast af afkomu

## Nýtt kerfi:


- Breytingar á réttindum ráðast af afkomu, en ekki reiknireglu
- Eignir og skuldbindingar standast alltaf á
- Skerðingar og aukningar heyra sögunni til
- Áfallatryggingar afmarkaðar í sér deild og hafa ekki sjálfkrafa áhrif á eftirlaun
- Útgreiðsla eftirlauna er í sérdeild, sem takmarkar sveiflur





# Munurinn á kerfunum

## Núverandi og nýtt kerfi



# Gallar við nýja kerfið

## Gallar:

- Flóknara í rekstri vegna deildskiptinga
- Rekstrarkostnaður líklega heldur hærri
- Réttindi þeirra sem ekki eru farnir að taka lífeyri sveiflast meira milli ára
- Lífeyrisþegar fá ekki eins góða ávöxtun og aðrir þegar vel gengur
- Slök afkoma í ávinnsludeild rétt fyrir töku lífeyris hefur áhrif á lífeyrisréttindi

# Kostir við nýtt kerfi

## Kostir:

- Eignir og skuldbindingar standast alltaf á
- Aukningar og skerðingar úr sögunni
- Lífeyrisþegar finna síður fyrir niðursveiflum
- Skiljanlegra og gegnsærra kerfi
- Kostnaður á hverri tegund lífeyris kemur betur fram
- Ekki reikniregla sem hefur áhrif á fjárfestingar
- Mismunandi fjárfestingastefna fyrir mismunandi sjóðfélagahópa